

4. október 2020

Fundur stjórnar, haldinn í fjarfundi í gegnum Teams

Mættir: Karl Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Illugi Gunnarsson, Hrund Hauksdóttir

Fjarverandi: Börkur Hrafn Birgisson

1. Verkaskipting innan stjórnar:

Farið var yfir verkaskiptingu innan stjórnar FFF.

Karl mun áfram gegna embætti formanns, Magnús Már verður varaformaður, Unnur gjaldkeri og Hrund ritari.

Karl hefur ákveðið að halda áfram sem formaður stjórnar FFF þar sem enn er verið að vinna í húsnæðismálum skólans og erfitt gæti verið að skipta um formann foreldrafélagsins meðan málefnið er ennþá á jafn viðkvæmu stigi og það er þessa dagana. Karl ætlar að einbeita sér að í starfi formanns að húsnæðismálum skólans og varaformaður og aðrir meðlimir stjórnar koma meira að öðrum verkefnum á borði FFF.

Samþykkt. => Fundir stjórnar FFF haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

2. Viðburðir vetrarins:

Rætt var um viðburði vetrarins. Stefnt er að aðventustund þann 21. nóvember á sama tíma og aðventustund Kvistaborgar er líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Taka verður mið af ástandinu í þjóðfélaginu hvað varðar fjöldatakmarkanir og annað þegar nær dregur.

Rætt var jafnframt um vorhátíð og stefnt er að því að halda hana með svipuð sniði og þarsíðasta vor þ.e. skólaslit skólaársins 2017-2018 þar sem útskrift og vorhátíð var haldin samhliða og var ánægja með. Allir árgangar höfðu sín hlutverk og kennarar hjálpuðu jafnframt til.

Engin bekkjarfulltrúar hafa verið kjörnir þar sem ekki hafa verið haldnar skólakynningar. Litið er svo á að þeir sem gengu þeim hlutverkum í fyrra gegni þeim enn eða þar til nýir bekkjarfulltrúar hafa verið kjörnir.

Samþykkt. => Unnur athugar hvort hægt er að panta stytur fyrir aðventustund en skila ef ekki verður hægt að halda hana. Karl sendir póst fyrir hönd FFF um hlutverk bekkjarfulltrúa og bíður þá sem áhuga hafa að taka þátt.

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

3. Önnur verkefni stjórnar FFF:

Ákveðið var að Hrund tæki þátt í fundum Foreldraþorpsins líkt og í fyrra. Eyrún mun verða í forsvari fyrir stjórn FFF í Hverfisröltinu. Skipulagður hefur verið fundur með Breiðó og Réttó þann 8. október nk. Eyrún flytur okkur fréttir af honum.

4. Fundur með skólaráði, skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur:

Karl fór yfir það helsta sem kom fram á fundinum í síðustu viku og almennar umræður sköpuðust út frá því sem fram kom á fundinum. Rætt var um mögulega aðkomu óháðs aðila að verkefninu fyrir hönd foreldra.

Samþykkt. => Illugi ræðir við Sylgju hjá Eflu um mögulega aðkomu hennar sem óháðan fagaðila til að fara yfir þrifaplön og framkvæmd þrifa, áætlanir um sýnatökuaðferð og staði og að hafa eftirlit með aðgerðum fyrir hönd skólaráðs.

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF þann 6. nóvember nk.

Fundargerð ritaði HHa.